

Guðmundur Páll Ólafsson
Neskin 1, 340 Stykkishólmi
s.8987839 gpo@gpo.is

Athugasemdir um Drög að Orkustefnu fyrir Ísland 2011

Forsendur og almennar athugasemdir

Því ber sannarlega að fagna að loks hilli undir orkustefnu fyrir Ísland. Orkustefna, náttúruverndarstefna, Rammaáætlun, banka- og efnahagsstefna, heilbrigðisstefna, mennta- og menningarstefna – allt eru þetta lykilstefnumál hvers samfélags eða ættu að vera það og samt er það svo með Íslendinga að þeim hefur lánast illa að móta raunhæfar stefnur og vinna samkvæmt þeim. Við erum eiginlega stefnulaust samfélag.

Fjölmörg ár eru síðan kallað var eftir orkustefnu stjórnvalda meðal annars í Náttúruverndarráði vel fyrir þúsaldarmótin 2000 þar sem undirritaður sat. Sama gildi um Rammaáætlun um vernd náttúru og nýtingu. Ennþá hefur engin stefnumörkun átt sér stað varðandi Rammaáætlun. Sú vinna byggir hvorki á stefnu né lögum og er að sumu leyti algjörlega forkastanleg í upplýstu samfélagi sem við teljum okkur búa í. Þetta er til marks um kunnáttu- og agaleysi íslenskra valdhafa að grunnverklag eins og stefnumörkun skuli ekki vera bæði sjálfsgætt og eðlilegur þáttur í rekstri samfélagsins. Ef til vill helgast það af því að stjórnálamenn eru framkvæmdaglaðir og við byrjum yfirleitt framkvæmdir strax, helst áður en skoðað hefur verið hvort kosturinn sé fýsilegur. Þannig fór stærsta framkvæmd Íslandssögunnar, Kárahnjúkavirkjun, af stað.

Stefnumörkun er bæði holl og mikilvæg ekki aðeins til að vega og meta verkefni heldur til þess að almenningur viti hvernig stjórnvöld ætla sér að nýta orkuauðlindir þjóðarinnar, að hverju er stefnt og hvernig þau áforma að ná markmiðum sínum. Á undanförunum áratug í upphafi nýrrar þúsaldar var íslenskt samfélag rekið í anda villta vestursins þar sem yfirgangur var aðferðarfræðin og aflsmunar var beitt með vopnum peningahyggju og gróðavonar. Og uppskeran var nákvæmlega sú sem til var sáð og felst í eyðileggingu og hruni – stórkostlegu vanmati á náttúrugæðum landsins, eyðileggingu á náttúruauðæfum og hruni efnahagskerfis.

Allt er þetta afrakstur fífldirfsku og agaleysis og „nýlendustefnu“ valdhafa í nýtingu náttúruauðlinda fyrir alþjóðlega auðhringa eins og lesa má út úr mynd 3 í Drögum að orkustefnu fyrir Ísland. Þannig hefur íslenski þjóð tekist að ráðast á eigin auðlindir af sömu heift og nýlenduherjar og yfirþjóðlegir auðhringir hafa stundað út um allan heim nú síðast undir hatti alþjóðavæðingar. Í anda íslenskrar útrásar erum við líka innrásarvíkingar. Við ráðumst á eigin velferð og eigin grundvöll, náttúruna, fyrir yfirþjóðlega auðhringa í von um að við munum hugsanlega kannski einhvern tíman græða eitthvað.

Mannvinurinn og frelsishetjan Marteinn Luther King, jr. sagði eitt sinn: *Við á Vesturlöndum verðum að hafa í huga að fátæku löndin eru fátæk fyrst og fremst vegna þess að við höfum arðrænt þau með pólitískri og viðskiptalegri nýlendustefnu.* Í þessum anda hefur orkunýting á Íslandi verið stunduð af innrásarvíkingum í orkugeiranum bæði í vatnsafla og jarðhita þegar frá eru taldar hitaveitur til húsa- og ylræktar. Hafi útrásin í bankastarfsemi verið iðkuð meira af kappi en forsjá, hafi hún verið byggð meira á væntingum en veruleika – þá var innrás orkunýtingar á vegum stjórnvalda og Iðnaðarráðuneytis með sömu áherslum og sömu veruleikafirri. Nema að þar hefur enn ekki verið tekið til hendinni eins og sjá má í málflutningi forkólfa atvinnulífsins og höfunda hrunsins í stjórnámalum þar sem nýlendu-hugsanahátturinn er drifskraft „hjóla atvinnulífsins“.

Orkustefnan sem felst í þessum drögum ber ekki vott um fífldirfsku. Hún er varkár og ljóst að reynt er að brúa langt bil á milli orkugeirans og eðlilegrar, raunhæfrar náttúrunýtingar.

Nokkuð vantar samt upp á að það hafi tekist. Alvarlegustu veilurnar eru feiknalegt ofmat á orkugetu Íslands ef taka á tillit til sjálfbærni og vilja þjóðar að vernda auðlindir sínar – að ekki sé minnst á siðferðislega velvild gagnvart komandi kynslóðum. Hér leika innrásarvíkingar orkugeirans lausum hala og mála gamalkunna tálsýn um fullvirkjun Íslands – til áframhaldandi nýlendubjónkunar. Væri allt með felldu ættu þessar teiknimyndir að vera úr sögunni. Nú þegar er búið að virkja stóran hluta virkjanlegrar orku og auðlindin hrifsuð frá komandi kynslóðum Íslendinga. Það er ekki nóg að þær verði að greiða skuldir hrunsins heldur er gróflega gengið á rétt þeirra til að nýta orkuauðlindir á sjálfbærari hátt heldur en við höfum þekkingu á nú um stundir.

Einmitt hér er vert að huga vandlega að sjálfbærri þróun og nýtingu sem er góðu heilli leiðarljós orkustefnunnar. Og þá er einnig rétt að hampa þremur stöðum sjálfbærrar þróunar sem fram kemur 4.1 í orkustefnunni. En því miður duga markmið lítt ef þau eru almennt orðuð og/eða óljós. Við þekkjum það frá liðnum árum hve náttúruverndarlög voru fullkomlega sniðgengin og hundsuð vegna þess að orðalag þeirra var almennt. Eitt meginmarkmið orkustefnunnar er: *Við nýtingu verði borin virðing fyrir náttúru og sérkennum landsins*. Þessi setning er algjörlega merkingarlaus og hefur ekkert gildi annað en að vera fagurgali. Útlistun 4.1.1. bætir engu þar við.

Til þessa hafa orkuvíkingar ekki getað sætt sig við skilgreiningu Bruntlandsskýrslu á sjálfbærri nýtingu og þótt þeir hafi í orði samsinnt henni í Drögum að orkustefnu þá er allt annað uppi þegar kemur að framkvæmd. Þá fara þeir djúpt í vasa sína og draga upp nokkuð bögglaða, eigin skilgreiningu á sjálfbærni auðlinda og endurnýjanleika þar sem sjálfbærnin er miðuð við nokkra áratugi eins og bæði í risavirkjunum og jarðhitavirkjunum. Þar er lítil stigsmunur gerður á sjálfbærri nýtingu um ókomna tíð og námugreftri – með öðrum orðum: Orka er einnota auðlind.

Íslenskt samfélag hefur ekki efni á slíkri sjálfheldu hugarfars. Ný Íslandsstefna sem varðar náttúrugæði verður að geyma í senn vísdom og varúð þar sem verndun náttúrugæða verður að vera tryggð svo sem kostur er. Þá dugar ekki orðalag eins og *borin virðing fyrir...* eða *hafa þarf hagsmuni komandi kynslóða í huga ...* heldur verður orkunýting að lúta lögum náttúruverndar, byggja á almennu siðferði og vistfræðilegri þekkingu – án undanbragða. Hér vantar sárlega Auðlindastefnu Íslendinga og orkustefna hvorki getur né má vera frítt spilandi stefna í því kerfi.

Athugasemdir

- Orkustefna á skilyrðislaust að vera hluti af Auðlindastefnu Íslendinga en ekki upphafin eins og hér hefur verið gert. Orkustefna verður að gera greinarmun á fræðilega nýtanlegu vatnsaflí þ.e.a.s. orkulindinni Ísland og nýtanlegu aflí þegar búið er að taka tillit til friðana, náttúruverndar, sjálfbærrar þróunar og siðfræði í nýtingu.
- Sýn þessarar orkustefnu gefur til kynna að tekið sé tillit til siðfræði og náttúruverndar en orðalag er ákaflega loðið og hefur ekki neitt haldreipi í lögum s.s. *borin virðing fyrir* og *hafa þarf hagsmuni komandi kynslóða í huga*. Skýr afstaða til siðfræði verður einnig að koma fram í Rammaáætlun ella er Rammaáætlun ónothæft viðmið.
- Mynd 1 sýnir að nú þegar er búið að virkja stóran ef ekki stærsta hluta vinnanlegrar orku. Reyndar er hluti hennar bæði ósjálfbær og siðferðislega afleitar framkvæmdir. Þetta hefur gerst á örskömmum tíma meira af kappi en forsjá og þar með fá kynslóðir framtíðar ekki mikið í sinn hlut þótt þær muni eflaust hafa bæði betri tækni og þekkingu til að nýta auðlindir. Koma þarf í veg fyrir að stjórnvöld hvers tíma vaði áfram í orkuframkvæmdum á kostnað komandi kynslóða – í stað þess óljósa og óábyrga orðalags að *hafa hagsmuni þeirra í huga*.
- Kafli 7.4. Gefið er til kynna að einkaaðilar geti komið að virkjunum og að samkeppni á frjálsum markaði eigi að ríkja. Hér eru ákvæði Alþjóðabanka, IMF, WTO og GATTS og

jafnvel Evrópusambands komin inn í Orkustefnu fyrir Ísland en einkavæðing, samkeppni og markaðsmál hafa verið notuð til þess að arðræna þriðja heims lönd og komast yfir auðlindir þeirra og þjónustu. Þessi stefna hefur hvergi leitt af sér sjálfbærni eða aukin lífsgæði fyrir almenning og þar sem auðlindin á að vera í eigu landsmanna er eðlilegt og sjálfsagt að hún verði nýtt af almenningsveitum – hvað sem yfirþjóðlegar stofnanir segja. Einkavæðing auðlinda og þjónustu er ákaflega varhugaverð ef ekki beinlínis hættuleg vegna þess að við það að einkavæða þjónustuna verður tilgangur fyrirtækja í forgangi, sem er að græða, og almenningsheill vikur. Bent skal á að þessi einkavæðing hefur hvergi reynst skárri en almenningsveitur og mjög víða hefur einkavæðingin leitt af sér vandræði, sviksemi og málaferli.

- 8.6. Sæstrengur er gömul bóla og ekki aðeins til þess blásin að finna hagstæðari orkukaupendur en hér hafa hreiðrað um sig. Hafa skal í hyggju að verðlag á orku er afurð íslenskra valdhafa og Landsvirkjunar. Auglýsing þeirra með stóriðjupésanum: *Lowest Energy Prices (1995)* (http://nemendafelag.hi.is/Gaia/Articles/Lowest_energy_prices_Iceland.pdf) var beinlínis loforð um lágsta orkuverð í Evrópu en þar voru einnig ámælisverðar fullyrðingar um land og þjóð. Verðlag á orku er þess vegna heimatilbúið vandamál og þau leysast ekki með sæstreng. Sæstrengur á hinn bóginn yrði hvati til að virkja æ meira til þess að veða upp á móti óheyrilegum kostnaði við að leggja slíkan streng og til þess að fullnýta flutningsgetu hans. Sæstrengur er með öllu óþarfur og fyrst og fremst bellibragð til að hvetja til síaukinnar virkjana og ætti að fjarlægja úr orkustefnu landsins.
- Kafli 9, Mynd 2. Þakkarvert er að loks skuli opinbert að kísiljárn og ál, þ.e. stóriðjan, sé slappari tekjulind en ferðaþjónusta og skili litlu til samfélagsins. Ferðaþjónusta byggir á náttúru Íslands líkt og stóriðjan en á meðan ferðaþjónusta getur verið næsta vistvæn þá byggir stóriðja á náttúruspjöllum, sóun, mengun og ósjálfbærni auk þess að vera einskonar einkavæðing á auðlindum landsins í eitt skipti fyrir öll.
- 9.3, Mynd 3. Óneitanlega verður ekki hjá því komist að líta á orkusölu Íslendinga í samhengi við sjálfbærni, ekki síst efnahagslegu samhengi. Muna skal að orkulindir eru sameign þjóðar og afsal vatns og orkuréttinda til alþjóðlegra auðhringja er grafalvarlegt mál. Hörmulega hefur verið farið með þessa sameign og orkustefna ætti tvímælalaust að girða fyrir slík mistök en gerir ekki. Hér verður að vera raunhæft aðhald þar sem hegningarlög koma við sögu.
- Mynd 4. Skýringarmynd 4 af Orkugarði virðist sakleysisleg og jákvæð þar sem hringrásin er lokuð og fullkomlega „sjálfbær“. Ástæða er að vara við svona bjartsýnisveröld þar sem enginn úrgangur kemur úr kerfinu. Fiskeldi getur til dæmis verið varhugavert.
- Vert er að minna á þá staðreynd að rafmagnsframleiðsla með jarðhita er mengandi starfsemi og orkan nýtist afar illa. Sjálfbærni felst ekki aðeins í því að nýta auðlindir skynsamlega, heldur verðum við Íslendingar að sýna og sanna að raforkan sé hrein í raun og veru þegar við gumum af slíku um víða veröld. Svo er ekki nú um stundir.
- Að lokum vil ég ítreka að orkustefnu á ekki að reka á forsendum orkufyrirtækja, orkustofnana, landsvirkjana eða Iðnaðarráðuneytis eins og hér virðist gert. Hún á að bera vott um nýja tíma, þroskaða hugsun, ábyrgð og siðferði. Hún á ekki að vera dekurbarn stjórnmalamanna og -flokka heldur verður hún að skipa sess innan Auðlindastefnu Íslands í takti við metnaðarfulla náttúruvernd í stað þess að reynast orkustefna fyrir yfirþjóðleg fyrirtæki eins og orkumál landsins hafa til þessa verið rekin.

